

## 27. Frumvarp

til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

### 1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins.

### 2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Í sjóðinn rennur enn fremur andvirði þjóðjarða þeirra, er hjer eflir verða seldar, svo og ársvextir hans. Enn fremur rennur í hann varasjóður 1. flokks veðdeildar Landsbankans, þá er lokið er skuldbindingum þess flokks.

### 3. gr.

Ræktunarsjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef, er nefnast Jarðræktarbrjef. Skulu það vera skuldabrjef er hljóða upp á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um lögum og útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa brjefin.

Vaxtabrjefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Vextir af vaxtabrjefum 1. flokks skulu vera 6%.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabrjefum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabrjefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabrjefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabrjefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til rikissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn rikissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í rikissjóð.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn, sem ráðherra setur, skal ákveða fjárhæð brjefanna, vexti annara flokka en hins fyrsta, gjalddaga vaxtanna, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið timatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 30 árum frá því er flokkur var opnaður.

### 4. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur rikissjóður 10 þús kr. árlega í þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi öðlast gildi, og úr því fer upphæðin minkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

5. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfjelaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

6. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að 4% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 10% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins heimilt að leggja í varasjóð einungis svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 10% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrijf þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs,
4. Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

8. gr:

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveitum. Lán til jarðræktar skulu ganga fyrir lánnum til húsagerðar.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktarlöganna frá. 20. júní 1923, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðunni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafist að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Upphæð lánanna má nema alt að  $\frac{2}{3}$  virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyr en jarðabót eða hús, sem lánið er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar fyrirfram eða meðan verkið stendur yfir, að nokkru eða öllu, ef nægilegt veð er fyrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. og lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verð-

hækkun vegna hennar liggur fyrir, enda er lántakanda þá skylt að ljúka við mannvirknið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðsins tiltekur, og aldrei má lengri vera en 5 ár. Nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd slíkra mannvirkja skal setja í reglugerð sjóðsins.

Nú er veittur styrkur af opinberu fje til mannvirkis, og má þá upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr  $\frac{2}{3}$  virðingarverðs mannvirkisins.

#### 9. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

- a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan  $\frac{2}{3}$  af virðingarverði veðsins, enda hvíli eigi veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna sjálfra til viðauka við virðingarverð eignarinnar óbættar, án þess að ný virðing á fasteigninni í heild fari fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.
- b. Gegn afgjaldskvöð á býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfélaga, enda sje lánið veitt leiguliða til umbóta á býlinu sjálfu. Afgjaldskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt.
- c. Gegn ábyrgð hreppsnefnda eða sýslunefnda, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgjaldskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

#### 10. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins mega telja til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu váttrygð í váttryggingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs telur góða og gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða að Ræktunarsjóður annist váttryggingar og innheimti iðgjöldin með árgjöldum af láninu, þegar stjórn sjóðsins ákveður svo.

#### 11. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og umbætur þær, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfjelaganna.

12. gr.

Búnaðarfelag Íslands og trúnaðarmenn þess skulu láta í tje umsögn sína og upplýsingar um sjerhverja lánbeiðni, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs óskar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti, eða oftár ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfelags Íslands, eða öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því að jarðabótinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið, og að veðið hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Lánsupphæð út á einstaka fasteign má eigi fara fram úr 25 þús. kr. Gegn afgangskvöð á einstakri fasteign má ekki lána meira en 10 þús. kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og samþykki jarðareiganda komi til, og þá aldrei meira en 25 þús. kr.

Lánstíminn má vera:

- a. Til matjurtagarða 5 ár.
- b. Til girðinga, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu 10 ár.
- c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og áburðargryfja 20 ár.
- d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga 20 ár.

Af láninu samkvæmt staflið a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflið c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

14. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta að Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga bezt, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að fráðregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram, og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

15. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu, skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds, og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til, að annast án endurgjalds

útborganir á lánnum úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirleggjandi hjá þeim, og gera reikningskil eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt, að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

17. gr.

Vilji maður, vegna eigendaskifta eða ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar sjóðsins um það, og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins.

18. gr.

Lánnum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki váttrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar eða gjöld, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt, að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafni upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr. um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða  $\frac{1}{2}\%$  af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er  $\frac{1}{2}\%$  á ári af upphæð lánsins, eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

20. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, af lánnum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út,

eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Sjóðurinn má og á þann þátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

21. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólum upp frá því.

22. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins, með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir buið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

24. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

25. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Ræktunarsjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

26. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða ljárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um ljárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða

láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auð-jánlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurpjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

#### 27. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

#### 28. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins alment.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir hvað veldur.

#### 29. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Ræktunarsjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Ræktunarsjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

#### 30. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hve nær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

31. gr.

Lán þau, er veitt hafa verið úr Búnaðarlánadeild Landsbankans, þá er Ræktunarsjóður tekur til starfa samkvæmt þessum lögum, má yfirfæra til Ræktunarsjóðs, þótt lánsskilmálar séu aðrir en þessi lög ákveða, enda taki Landsbankinn vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði sem greiðslu fyrir skuldabrjef þau, er hann samkvæmt þessu afhendir Ræktunarsjóði.

32. gr.

Úr Ræktunarsjóði má veita lán samkvæmt þessum lögum til jarðabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögnum.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. mars 1900, lög 20. okt. 1905 um breytingu á þeim lögum, lög 14. nóv. 1917 um breytingu á sömu lögum, lög 4. júní 1924 um stofnun Búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á umliðnum árum, að minsta kosti síðan 1913, hafa einatt komið fram óskir um sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, bygðar á því, að þær lánsstofnanir, sem til eru í landinu, komi landbúnaðinum ekki að fullum notum, og að til hans renni því ekki svo mikill hluti af lánsfjenu í landinu, sem eðlilegt væri og vera þyrfti, til þess að framfarir í þeim atvinnuvegi fylgdust með framförum annara atvinnuvega landsmanna. Framan af hugsuðu menn sjer þessa sjerstöku lánsstofnun aðallega sem almenna veðlánastofnun fyrir sveitirnar, sem ætti að veita lán gegn jarðaveði á sama hátt og veðdeild Landsbankans lánar gegn veði í húsum í kaupstöðum og gegn jarðaveði. Yrðu veðlánastofnanirnar þá tvær, önnur fyrir sveitir, en hin fyrir kaupstaði og kaupsún. Árið 1920 tók Bóðvar Bjarkan lögfræðingur málið til rannsóknar fyrir landsstjórnina, og komst að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri að hafa eina veðlánastofnun sameiginlega fyrir sveitir og sjávarpláss, og voru upp úr því sett lög nr. 64, 27. júní 1921, um



stofnun Ríkisveðbanka Íslands, en þau lög hafa ekki komið til framkvæmdar enn þá. Á Alþingi 1924 flutti þm. Strandamanna (Tr. P.) frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands, er samþykkt var með nokkrum breytingum, og varð að lögum 4. júní s. á. Var tilætlunin sú, að bæta úr lánþörf landbúnaðarins um stundarsakir, þangað til Ríkisveðbankinn tæki til starfa. Frv. mætti frá upphafi mótsþyrnu frá stjórn Landsbankans, sem taldi það óhagkvæmt fyrir bankann, og hvernig sem annars er litið á ástæður bankastjórnarinnar, þá geta þau lög ekki til lengdar samrýmst því, að Landsbankinn sje gerður að þjóðbanka og seðlabanka fyrir landið. Í umræðunum um þetta frumvarp hjét stjórnin því, að undirbúa úrlausn málsins fyrir næsta Alþingi, og er endir bundinn á það loforð með frv. því, er hjer liggur fyrir.

Í lögnum um Ríkisveðbanka er annarsvegur gert ráð fyrir því, að sá banki taki að sjer það verkefni, að veita lán til landbúnaðar, og hinsvegur er svo ákvæðið, að bankinn taki að sjer forsjá og stjórn veðdeildar Landsbankans, þannig að henni er í rauninni ætlað að renna inn í Ríkisveðbankann og verða fyrsta byrjun hans. Af þessum ástæðum þótti eðlilegast og í bestu samræmi við ríkisveðbankalögin, að stofnsettur yrði sjerstakur flokkur við veðdeild Landsbankans, er hefði það eitt verkefni, að veita landbúnaðarlán, og mundi sá veðdeilda-flokkur þá á sínum tíma renna yfir í Ríkisveðbankann eins og hinir veðdeilda-flokkarnir. Gerði ráðuneytið uppkast að lagafrv. í þessa átt, og sendi það m. a. Búnaðarfjelagi Íslands til umsagnar. Fjelagsstjórnin skipaði með samþykki landsstjórnarinnar þriggja manna nefnd til að taka málið í heild til athugunar, og áttu þeir sæti í nefndinni: Thor Jensen framkvæmdarstjóri (formaður), Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri og Halldór Vilhjálmsson skólastjóri.

Búnaðarfjelagsnefndin (hjer eftir skammstafað Bfn.) komst að þeirri niðurstöðu, að æskilegra væri að hafa stofnunina sjálfstæða, og byggja hana upp á Ræktunarsjóðnum núverandi. Samdi nefndin uppkast að lögum um þetta, og þar sem stjórnin getur í öllum aðalatriðum fallist á tillögur nefndarinnar, þá hefir uppkast hennar verið lagt til grundvallar við samningu þessa frv.

Ætlast er til að Ræktunarsjóði sje útvegað aukið fje til útlána aðallega með vaxtabjefasölu, á svipaðan hátt og veðdeild Landsbankans gerir nú. Af þessu leiðir að flest ákvæði frv. eru með líku sniði og ákvæði annara laga um veðlánastofnanir. Aðalmismunurinn, sem leggja verður mjög mikla áherslu á, er sá, að Ræktunarsjóði er ekki ætlað að veita lán gegn jarðarveði alment, heldur eingöngu lán til jarðabóta og nauðsynlegra húsabóta á býlum í sveitum, en hins vegur gert ráð fyrir að þessi lán verði venjulega trygð með jarðarveði. Aftur á móti er það tilgangi Ræktunarsjóðs óviðkomandi, að veita lán gegn jarðarveði, sem nota á til annars en þessara umbóta á býlunum, t. d. lán vegna jarðakaupa. Slik lán verða menn eftir sem áður að sækja í hina almennu veðlánastofnun eða aðrar lánsstofnanir. Þær talsvert veigamiklu ástæður, sem færðar hafa verið gegn tvískiftingu veðlánanna alment milli sveita og sjóplássu, koma því ekki til greina gagnvart þessu afmarkaða verkefni Ræktunarsjóðsins.

Um 1. gr.

Tekið upp úr 3. gr. laga 2. mars 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands.

#### Um 2. gr.

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs var í árslok 1923 kr. 927,529,07. Eftir núgildandi lögum fær ríkissjóður 3% vexti af sjóðnum og nam upphæðin tæpum 25 þús. kr. árið 1923. Er gert ráð fyrir að þessi greiðsla í ríkissjóð falli burtu, og að sjóðurinn fái að vaxa af vöxtum sínum. Varasjóður 1. flokks veðdeildar er nú um 150 þús. kr., og er stungið upp á að hann renni til Ræktunarsjóðs þegar hann losnar, sem ætti að geta orðið eftir fáein ár.

Bfn. hefir stungið upp á að auka Ræktunarsjóð enn meira með framlagi úr ríkissjóði og með sjerstökum tollum, sem lagðir yrðu á í því skyni. Stjórnin getur ekki fallist á að rjett sje að greiða fje úr ríkissjóði í þessu skyni, eins og fjárhag hans er nú háttað, en gæti fallist á hina uppástunguna, ef nauðsyn þætti að auka sjóðinn eins og nú stendur.

#### Um 3. gr.

Stungið er upp á að sjóðurinn megi útvega sjer fjármagn með vaxta-brjefasölu, sexfalt á við höfuðstól sjóðsins. Sje gert ráð fyrir að 4% ársvextir leggist jafnan við hann, og að varasjóður 1. fl. veðdeildar komi til viðbótar, ætti höfuðstóll sjóðsins eftir 10 ár að vera orðinn full 1½ milj. kr. fyrir utan aukningu þá, er hann kann að fá vegna sölu þjóðjarða á því tímabili. Þá mættu vera í umferð um eða yfir 9 milj. kr. í vaxtabrjefum. Þykir ekki líklegt að þörf muni verða fyrir meiri brjefasölu en þessu svarar, þegar litið er til þess, að allir 4 flokkar veðdeildar Landsbankans samtals hafa til þessa aldrei haft meira en rúmar 6 milj. kr. í umferð. En auðvitað er ávalt unt að auka höfuðstól sjóðsins ef þörf skyldi verða fyrir meiri brjefasölu.

Bfn. leggur með rjettu áherslu á að lánin verði ekki veitt til lengri tíma en samsvarar endingu jarðabótanna og arði af þeim, en þegar lánin eru veitt til stutts tíma, er hagstæðara fyrir lántakendur að vextir brjefanna sjeu svo háir, að þau seljist affallalaust eða því sem næst, heldur en að vextir sjeu lægri og afföll á vaxtabrjefunum. Út frá þessu sjónarmiði og með tilliti til núverandi ástands á peningamarkaðinum hefir Bfn. lagt það til, að vextir 1. flokks yrðu í sjálfum lögunum ákveðnir 6%, en þá er til ætlast að þeim flokki verði lokað, jafnskjótt og almennir vextir lækka svo, að tiltækilegt þykir að selja brjef, er bera lægri vexti.

#### Um 4. gr.

Er í samræmi við tilsvarendi ákvæði í lögum veðdeildarflokka Landsbankans, en upphæðin hjer samkvæmt tillögu Bfn. höfð nokkru hærri og fyrir lengri tíma, til þess að greiða fyrir myndun varasjóðs.

#### Um 5. gr.

Samskonar rjettindi hefir veðdeild Landsbankans nú.

#### Um 6. gr.

Par sem höfuðstóll og varasjóður eru báðir sjálfseign stofnunarinnar, er

aðgreining' milli þeirra fremur þýðingarlitil, öðruvísi en sem ákvörðun um að halda einhverju fje handbæru, og þykir nægja að áskilja alt að 10% af höfuðstólnum.

#### Um 7. gr.

Með hliðsjón af ákvæðinu í 7. gr. 4. lið laga nr. 64, 1921 hafði ráðuneytið upphaflega stungið upp á að ábyrgð ríkissjóðs yrði takmörkuð við 25% af upphæð vaxtabrjefa í umferð, og tók Bfn. þetta upp. Við nánari athugun varð það þó ofan á, að slík takmörkun ábyrgðarinnar mundi ef til kæmi verða þýðingarlitil fyrir ríkissjóð, en að fullkomin ábyrgð mundi greiða mjög fyrir sölu brjefanna og jafnvel lyfta söluverði þeirra dálítið, og þótti því rjett að stinga upp á að hún yrði í tje lätin.

#### Um 8. gr.

Þessi grein er orðuð eftir samráði við Bfn. Niðurlagsákvæðið er sett í samræmi við 7. gr. laga 4. júní 1924 um stofnun Búnaðarlánadeildar. Annars á greinin að tryggja það, að lánnum úr Ræktunarsjóði verði varið eingöngu til arðberandi og nauðsynlegra umbóta á býlunum.

#### Um 9. gr.

Heimilað er að taka tryggingu í veðrjetti innan  $\frac{2}{3}$  af virðingarverði fasteignarinnar, þó svo að opinberir sjóðir (þar á meðal veðdeild Landbankans og sparissjóðir) einir hafi veðrjett á undan Ræktunarsjóði. Hlutfallið  $\frac{2}{3}$  er í samræmi við ákvæði laganna um Ríkisveðbanka.

Afgjaldskvöð á býlum, sem eru eign ríkis eða sveitarfjelaga, mun vera nýmæli. Þessi lán verða veitt leiguliðunum, og samkvæmt niðurlagi 8. gr. er ætlast til að þeir eins og aðrir lántakendur beri ávalt sjálfir  $\frac{1}{3}$  kostnaðar við umbótina, þannig að ef hið opinbera sem landeigandi leggur eitthvað til kostnaðar við umbótina, þá lækkar upphæð sú, sem lána má, að sama skapi.

#### Um 10. gr.

Bfn. hefir bent á, að hentugt muni, að sjóðurinn annist vátryggingu húsa, sem honum eru veðsett, og innheimti iðgjöld ásamt með árgjöldum af lánnum. Rjett þykir að heimila þetta, en það mun þó naumast koma til greina, þar sem sjerstaklega er með lögum ákveðið um brunatryggingar, t. d. þar sem lög um vátrygging sveitabæja ná til.

#### Um 11. og 12. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

#### Um 13. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru tekin svo að segja óbreytt eftir tillögum Bfn. Gerir hún ráð fyrir, að mönnum muni þykja lánstíminn stuttur, en bendir rjettilega á, að af því að vextir sjeu nú háir, þá sje varhugavert að binda eftirkomendunum byrðar á herðar með því að hafa lánin löng.

Um 14. gr.

Það mun oft reynast hentugt, að útvega fje með því að selja vaxtabrjefin fyrirfram, og með því að heimild sje til þess, verður oft unt að nota tækifæri til brjefasölu, sem annars yrði ónotað. Að sjálfsgöðu liðar Ræktunarsjóður ofurlítið vaxtatap við þetta, sem hann verður að bera.

Þótt aðalreglan verði sú, að selja vexti brjefanna svo háa, að þan seljist með litlum eða engum afföllum, þá þykir þó rjett að slá varnagla við því, að menn verði fyrir afföllum á lánnum sínum vegna affalla á vaxtabrjefunum, og að því miðar niðurlagsákvæði greinarinnar.

Um 15. gr.

Ákvæðin miða að því að greiða fyrir sölu vaxtabrjefanna, og opna leið til þess, að menn geti fengið lánin útborguð í næstu peningastofnun. Getur þetta einnig gert það aðgengilegra fyrir sparisjóði og bankaútibú að veita mönnum bráðabyrgðalán til umbóta, sem endurgreiðast af ræktunarsjóðsláni, að umbótinni lokinni.

Um 16.—18. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæðin um lántökugjald ( $1\frac{1}{2}\%$ ) og árlegt gjald til kostnaðar ( $1\frac{1}{2}\%$ ) eru sett samkvæmt tillögum Bfn. Í 4. fl. veðdeildar er lántökugjaldið  $1\%$ , en árlegt gjald til kostnaðar er hið sama sem hér er stungið npp á í 2., 3. og 4. fl. veðdeildar.

Um 20.—27. gr.

Munu ekkert þurfa skýringa.

Um 28.—30. gr.

Meðan engin reynsla er fengin nm, hve mikið sjóðurinn verður notaður með hinni nýju tilhögun, er í rauninni erfitt að gera uppástungur um haganlegustu tilhögun á stjórn hans og afgreiðslu. Rjett þykir þó að stinga upp á að skipaður verði frá öndverðu einn framkvæmdarstjóri, sem hafi forstöðu sjóðsins fyrir aðalstarf, en gæslustjórnum er ætlað að hafa eftirlit með lánveitingum. Til þess að spara kostnað við sjerstakt húsnæði og fólkshald í byrjun, er ráðgert að fela Landsbankanum afgreiðslustörfin fyrst um sinn.

Um 31. gr.

Ákvæði hennar ern sett eftir samráði við stjórn Landsbankans, til þess að greiða fyrir lánveitingum úr Búnaðarlánadeild hans þangað til Ræktunarsjóður tekur til starfa eftir þessum lögum.

Um 32. gr.

Með því að gjört er ráð fyrir að lánin verði venjulega veitt eftir á, þegar umbæturnar eru fullgerðar, þykir rétt að á þessu ári megi veita lán út á jarðabætur frá 1924, sem samkvæmt venjunni verða mældar og teknar í skýrslur á þessu ári.

Um 33. og 34. gr.

Munu ekki þurfa skýringa.

Um 35. gr.

Vegna prentunar á vaxtabrjefum og eyðublöðum og vegna annars undirbúnings, sem tekur nokkurn tíma, má naumast vænta að stofnunin verði tilbúin til starfa fyr en að áliðnu sumri.